

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja- Heklan.

4. fundur

Þann 19. ágúst árið 2011, klukkan 12:00 er fundur haldinn í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, fundarstaður er skrifstofa Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, lðavöllum 12b, 230 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Árni Sigfússon, Ásmundur Friðriksson, Eirný Vals, Róbert Ragnarsson, Sigrún Árnadóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi boðuðu forföll: Gunnar Ellert Geirsson og Kjartan Eiríksson.

Dagskrá fundarins.

1. Bréf dags. 10.08.2011 frá Önnu Margréti Guðjónsdóttur varðandi ESB verkefni – Anna Margrét Guðjónsdóttir.
2. Málefni Markaðsstofu Suðurnesja og Ferðamálasamtakanna.
3. Málefni Landhelgisgæslunnar.
4. Verk- og þjónustusamningur frumkvöðlasetrið Eldey – drög.
5. Staða verkefna – listi.
6. Fundartímar.
7. Ráðning starfsmanna.
8. Önnur mál.

1. mál.

Anna Margrét Guðjónsdóttir kom á fundinn og sagði frá tilboði sínu. Fór yfir verkefnið og greindi frá því hvernig hægt væri að fjármagna hluta þess.

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja samþykkir tilboðið, jafnframt er Önnu Margréti falið að leita eftir fjármögnun í sjóði til greiða allt að helming vinnunar.

2. mál.

Kynnisferðir og Allrahanda hafa óskað skriflega eftir því að ITA selji rútumiða fyrir fyrirtækin í UMFLE. Þetta er stærstu rútufyrirtæki landsins og einu rútufyrirtækin með sölubás í Leifstöð.

ITA hefur leitað til Markaðsstofu Suðurnesja um að selja miða fyrir þá. Markaðsstofa Suðurnesja hefur óskað eftir leyfi ISAVIA fyrir sölu rútu miða UMFLE en fengið neitun.

Bókunartekjur af slíkri sölu munu gjörbreyta stöðu ferðaþjónustunnar á Suðurnesjum og Markaðsstofu Suðurnesja.

Formanni og framkvæmdastjóra er falið að fylgja málinu eftir við ISAVIA.

3. mál

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með Innanríkisráðherra um málefni Landhelgisgæslunnar vegna skýrslu Deloitte um framtíð Landhelgisgæslunnar. Leitað er eftir nánari útskýringum á forsendum sem skýrslan er byggð á.

4. mál

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja samþykkir samninginn.

5. mál

Listinn lagður fram til upplýsinga. Lagt er til að listinn sé endurskoðaður fyrir næsta fund.

6. mál

Ákveðið er að fastur fundartími sé á föstudögum frá klukkan 11:30 til 13:00.

7.mál

Framkvæmdastjóri sagði frá því að 50 einstaklingar hafi sótt um starf atvinnuráðgjafa. Tekin voru símaviðtöl við 10 einstaklinga. Í framhaldi af því verða 7 einstaklingar boðaðir í annað viðtal og próf. Gert er ráð fyrir því að niðurstöður liggi fyrir í lok næstu viku.

8. mál

Ósk hefur komið frá Landsbankanum sem er styrktaraðili Innovit vegna Atvinnu- og nýsköpunarhelgar á Ásbrú, um að færa dagsetningu fram um viku. Þ.e.a.s. ANH yrði haldinn 30.september til 2. október. Stjórn Atvinnuþróunarfélagsins samþykkir þetta fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:29.